

1864.
16. júní.

þangað frá Kaupmannahöfn, og fara þaðan kringum land aðra hvora ferð suður fyrir land en aðra hvora norður fyrir.

Stjórnarráðið fellst nú að vísu á álit yðar um stærð skipsins og fyrirkomulag, um það hvar það ætti að koma við, hve margar ferðir það ætti að fara og hvenær það ætti að fara á stað. En um leið og stjórnarráðið ítrekar það, að hér er aðeins rætt um að gjöra tilraun í þá átt, sem farið er fram á í bænarskrá alþingis, leiðir það athygli yðar að því, að það er nauðsynlegt, áður en skorað er á ríkisþingið um að veita fé það, er þarf til framkvæmdar þessu áformi, að hafa ákveðna uppástungu til að byggja á í því efni, og eruð þér því, herra stórkaupmaður, beðnir um að senda stjórnarráðinu uppástungu með ástæðum fyrir, um það hversu mikið tillag úr almennum sjóði þér munduð þurfa til að halda uppi gufuskipferðum þeim kringum Ísland, sem hér er um rætt.

16. júní.

46. Opið bréf, um löggilding verzlunarstaðar við Lambhússund á Skipaskaga í Borgarfjarðarsýslu í suður-umdæminu á Íslandi.

(Til alþingis þess, er haldið var árið 1863, kom bænarskrá frá Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu um kauptún á Skipaskaga við Lambhússund á Akranesi í suðurumdæminu¹. Eftir að alþingi hafði farið með málið á lögskipaðan hátt, sendi það konungi þegulega bænarskrá um málið og bað í henni um:

1. að löggilt yrði kauptún við Lambhússund á Skipaskaga í Borgarfjarðarsýslu; og til vara
2. að kauptún þetta yrði löggilt þannig, að einungis öllum búsettum fastakaupmönnum á Íslandi sé leyft að reisa þar sölubúð og hafa þar verzlun með þeim rétti og skilmálum, er segir í opnu bréfi 28. desemberm. 1836.

Bænarskrá þessi er prentuð í alþingistiðindunum 1863. I, 301—308. bls.

Konungsfulltrúi hefir í álitsskjali sínu um málið getið þess, að alþingi að hans áliti gjöri of mikið úr vankvæðum þeim, sem á því séu fyrir íbúa Borgarfjarðarsýslu að sækja kaupstað í Reykjavík, og eins muni vera gjört ofmikið úr hagsmunum þeim, sem þeir geti af því haft, þó verzlunarstaður komist á fót við Lambhússund; því hvort sem

¹) Sjá alþ. tíð. 1863. I, 110—112.

1864.
16. júní.

einhver kaupmaður úr Reykjavík eður einhver annar fastakaupmaður byrjaði þar verzlun, gæti þar aldrei orðið annað en útkaupstaður, er aðeins hefði vörubirgðir á sumrum, en á veturna mundi eigi verða til aðrar vörur en þær, sem útgengilegastar væru: kaffi, sykur, brennivín, tóbak og s. frv., en ekki hinar eiginlegu nauðsynjavörur, sem hlutað-eigendur því eins og áður yrðu neyddir til að sækja til Reykjavíkur, þar aðauki mundi fastakaupmönnum varla þykja tilvinnandi að hafa fasta verzlun við Lambhússund, með því þeir geti komið þar út vörum sínum með hægra móti og fengið aptur vörur innbúanna, með því að nota sér leyfi það, sem veitt er í opnu bréfi 19. maí 1854, eins og þeir hafi gjört síðastliðið ár. Konungsfulltrúi getur þess þar að auki, að það sé aðgæzluvert, þegar rætt er um löggilding nýrra verzlunarstaða, að allt of mikil sundrung á verzluninni hljóti að tálma því, að eiginlegir verzlunarstaðir geti blómgað. En þaræð þingið með miklum atkvæðamun hafi farið þess á leit, að verzlunarstaður þessi væri löggiltur, þá skýtur konungsfulltrúi því undir álit stjórnarinnar, hvort næg ástæða virðist vera til að fallast á bænarskrá þingsins.

Um sama leytið og stjórnin fékk bænarskrá alþingis, sendi stiptamtmaðurinn á Íslandi henni skjal nokkurt frá bæjarfulltrúunum í Reykjavík, er bæjarfógetinn hafði fallið á; er í því skjali beðið um, að bænarskráin ekki verði tekin til greina, og einkum tilfært því til styrkingar, að verzlunarstaðurinn við Lambhússund, ef hann móti von fengi nokkra þýðingu, mundi vegna nálægðarinnar spilla fyrir verzluninni í Reykjavík, og framsörum þess kaupstaðar í öllum greinum.

Í skýrslu dómsmálastjórnarinnar um málið, þá er það var lagt fyrir konung, segir, að stjórnarráðið sé á sama máli og konungsfulltrúi um, að ótakmarkað leyfi til að stofna verzlunarstaði á Íslandi sé til skaða fyrir verzlunina þar og standi henni fyrir þrifum, og svo virðist einnig mjög vafasamt, hvort nokkur muni vilja ráðast í að byggja sölubúð við Lambhússund, einkum vegna þess hvað það er nálægt Reykjavík. Þar á móti gat stjórnarráðið ekki álitid þá mótbár-una mikilsverða, að verzlun Reykjavíkur mundi bíða skaða af því, þó slíkur verzlunarstaður væri löggiltur, því það líklegasta væri, að þeir, sem þangað kæmu, mundu annaðhvort eingöngu eða mestmegnis verða kaupmenn úr Reykjavík, sem þegar hafa verzlunarviðskipti við menn þar, og þessi verzlunarviðskipti mundu aukast ef þar yrði löggiltur verzlunarstaður, því kaupmenn úr Reykjavík gætu þá flutt þangað allskonar vörur til að verzla með, þarsem þeir nú eru bundnir við að senda þangað aðeins vissar vörutegundir samkvæmt opnu bréfi 19. maím. 1854. Sú hafði og orðið raun á, meðan leyft var að sigla upp Krossvík

1864.

16. júní.

á Akranesi, að þangað var töluverð aðsókn af fastakaupmönnum úr Reykjavík. En jafnvel þó ekki verði við því búizt, eptir álitni stjórnarráðsins, að staður þessi nokkurntíma verði þýðingarmikill sem verzlunarstaður, virtist því samt sem áður ekki vera næg ástæða til að hafna uppástungu alþingis, er það hafði fallizt á með miklum atkvæðamun, um að verzlunarstaður þessi verði löggiltur, með því ekki verði heldur móti því horið, að slíkt geti verið nokkurs vert fyrir sveitir þær, er hlut eiga að máli, þar sem það, einsog áður er sagt, ekki virðist geta orðið hættulegt fyrir Reykjavíkur kaupstað, sem þar er í grennd.

Ad endingu gat stjórnarráðið þess, að ef þessi skodun næði allra hæstu samþykki konungs, fælli burt varauppástunga þingsins um, að öllum búsettum fastakaupmönnum á Íslandi yrði leyft að reisa sölubúð og hafa verzlun við Lambhússund, með því slík ákvörðun, hvort sem var, eigi væri tiltækileg, þarsem hún kæmi beinlínis í bága við hin almennu verzlunarlög Íslands, sem eigi virtist vera ástæða til að gjöra neina breyting á nú sem stendur, enda yrði það eigi heldur gjört nema ríkisþingið ætti þátt í því.)

Vér Kristján hinn Níundi, og s. frv., Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum alþingis hefir Oss allramildilegast þóknazt að löggilda verzlunarstað við Lambhússund á Skipaskaga í Borgarfjarðar sýslu í suðurumdæminu á Íslandi.

Fyrir því skal það frá 4. degi janúarmánaðar 1865 leyft að byggja sölubúðir og hafa fasta verzlun á þessum stað með þeim skilmálum, er segir í opnu bréfi 28. desembermánaðar 1836, og mega einnig frá sama tíma innlendir og útlendir lausakaupmenn koma þangað til verzlunar, þegar þess er gætt, sem um það efni er ákveðið í nefndu lagabóði og í lögum 15. aprílmánaðar 1854 3. grein.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sér þegnlega að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 16. dag júnímánaðar 1864.

27. júní.

47. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um eignarrétt til vogreka.

Í bréfi 8. febrúarm. þ. á. hafði þær, herra amtmáður,